

14. gr.

Heimilt er að leggja á gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara þótt sú háttsemi, sem leiðir til álagningar þess, kunni að hafa átt sér stað fyrir gildistöku þeirra ef heimilt hefði verið að gera viðkomandi afla upptækan samkvæmt fyrirmælum laga nr. 32/1976 og upptaka aflans eða andvirðis hans hefur ekki þegar farið fram.

Sjávarútvegsráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 91. gr. laganna fellur brott. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjald-daga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

2. gr.

1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo:

1. Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt eða fiskeldi enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu. Enn fremur er heimilt að veita úr Fiskræktarsjóði lán eða styrki til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.